




ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR L.H.

*Starfsárið 1989 — 1990
og
reikningar ársins 1989*



EFNISYFIRLIT ÁRSSKÝRSLU STJÓRNAR L.H. 1989-90

	bls.
Stjórn L.H.	1
Skrifstofan	1
Tillögur og ályktanir 40. Ársþings	1
Útgáfumál	3
Samningar við Félag tamningamanna	3
Mótadagar félaganna	6
Reiðvegafé	6
Áningarhólf L.H.	7
Áningarhólfasjóður	7
Reiðhöllin - Reiðskólinn	7
Samstarf um landnýtingu og ferðalög.....	8
Landsmótið.....	9
Helstu viðburðir ársins	10
Ferðanefnd	10
Frá Gæðinga- og unglinganefnd	10
Frá Dómarafélagi L.H.	11
Frá Hrossaræktarnefnd.....	12
Frá Fræðslunefnd	12
Frá æskulýðsfulltrúa L.H.	13
FEIF - skýrsla Sigurðar Ragnarssonar	15
Ársreikningar L.H. 1989	17
Skrá yfir árgjöld sambandsfélaganna 1989	21
Ársreikningar Hestsins okkar 1989	23

Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga

starfsárið 1989 - 1990

1. STJÓRN:

Starfsárið 1989 - 1990 sátu eftirtaldir í stjórn L.H.:

Aðalstjórn:

Formaður:	Kári Arnórsson, Reykjavík.
Varaformaður:	Skúli Ö. Kristjánsson, Svignaskarði, Mýr.
Ritari:	Guðmundur Jónsson, Mosfellsbæ.
Féhirðir:	Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum, Árn.
Meðstjórnendur:	Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík.
	Sigurður Hallmarsson, Húsavík.
	Jón Bergsson Ketilstöðum, Egilsstaðir.

Varastjórn:

Ingimar Ingimarsson, Sauðárkróki.
Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti, Árn.
Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr.
Kristmundur Halldórsson, Kópavogi.
Elísabet Þórólfsdóttir, Garðabæ.

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir. Varastjórnarmenn eru yfirleitt boðaðir á stjórnarfundir enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta nema á fyrsta fund eftir Ársþing og á fund í lok starfsárs.

2. SKRIFSTOFA L.H.:

Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Hún er opin frá kl. 9 - 12 árdegis og 13 - 16 síðdegis. Þar starfa 2 fastráðnir starfsmenn þau, Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Magnúsdóttir. Bein símalína er 91-29899, en einnig er hægt að hringja í skiptiborð Búnaðarfélagsins í síma 91-19200.

3. TILLÖGUR OG ÁLYKTANIR SÍÐASTA ÁRSPINGS:

Fræðslumál:

Samþykkt síðasta þings um tölvuforrit fyrir gæðinga- og unglingadóma til nota fyrir hestamannafélögin hefur ekki komist í framkvæmd. Í síðustu fjárhagsáætlun var ekki gert ráð fyrir fé til þessa verks. Svo var einnig um kaup á ýmskonar fræðsluefni til útlána til einstakra félaga. Til þess að þetta komist í höfn þá þarf að áætla til þess ákveðið fjármagn. Tölvu- og myndbandatækni fleygir hins vegar svo fram að útlánastarfsemi af því tagi sem við höfum vanist er að verða úrelt.

Þegar ákveðið hafði verið að bjóða út gerð á mynd fyrir landsmótið þá var fallið frá þeim samningi sem í bígerð var við Bergvík um einkaleyfi á útgáfu og sölu myndbanda frá landsmótum. Verið er að semja um útgáfu á eldri myndum.

Álit kynbótanefndar:

Álit nefndarinnar er varðar fyljunarathuganir og númerakerfi voru sendar Búnaðarfélaginu og mál er varðar byggingu stóðhestastöðvar sent landbúnaðarráðuneytinu. Samkomulag náðist um að L.H. ætti tvo fulltrúa í hrossaræktarnefnd. Fulltrúar L.H. eru Skúli Kristjánsson og Guðmundur Jónsson.

Álit gæðinga- og unglinganefndar:

Tillagan um röðun keppenda í A og B flokkum er komin til framkvæmda.

Breyting á reglum um úrslitakeppni verða að nýju lagðar fram á ársþing 1990 þar sem þær þurftu ákveðinn reynslutíma. Verði þær samþykktar nú þá eru þær orðnar fullgildar.

Álit mótanefndar:

Álitinu er varðaði hestanöfn svo og auglýsingar í keppni var kynnt félögum í L.H.

Álit fjárhagsnefndar:

Álit fjárhagsnefndar var samþykkt samhljóða en það fól í sér hækun á árgjöldum og eru þau nú kr. 360 fyrir unglinga en kr. 720 fyrir fulloröna.

Ferðamál:

Varðandi reiðvegafé og ráðstöfun þess þá er alltaf verulegur hluti þess sem fer í viðhald á reiðleiðum um óbyggt land. Hins vegar hefur stjórn L.H. og reiðveganefnd ekki veitt í einstakar slíkar framkvæmdir heldur ætlað þeim félögum sem styrk fá hverju sinni að gera það. Sú vinnuregla sem viðhöfð hefur verið að veita fé í einstaka fjórðunga hverju sinni þarf orðið endurskoðunar við. Gera verður kröfur til þéttbýlis sveitarfélaganna að þau sjái um gerð reiðleiða að og frá hesthúsum svo almennt reiðvegafé þurfi ekki að fara í það.

Álit allsherjarnefndar:

Varðandi byggingar íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaga þá hefur orðið sú gleðilega þróun að sveitarfélög taka meiri og meiri þátt í fjármögnun þeirra framkvæmda. Hjá einstaka sveitarfélögum skipa hestamannafélögin sama sess og önnur íþróttafélög. Samkvæmt nýjum verkaskiptalögum milli ríkis og sveitarfélaga eru íþróttamannvirki nú alfarið hjá sveitarfélögum. Varðandi Reiðhöllina er vísað til sérstaks kafla um það mál.

4. ÚTGÁFUMÁL:

Þegar líða tók á árið 1989 kom í ljós að fjárhagsstaða Hestsins okkar var orðin mjög tæp og sjáanlegt að verulegt tap yrði á rekstri blaðsins. Jens Einarsson sagði lausu starfi sínu sem ritstjóri með bréfi dagsettu 1. okt. Ritnefnd blaðsins ræddi þessa stöðu og ákvað að auglýsa eftir ritstjóra. Nokkrar umsóknir bárust og meðal annars frá fyrirtækinu Nýtt líf/Þráinn Bertelsson. Þar var falast eftir því að taka blaðið á leigu og bera á því fjárhagslega ábyrð. Greidd yrði leiga fyrir aðstöðu og tæki svo og fyrir viðskiptavild. Þar sem sjáanlegt væri að miklir erfiðleikar yrðu í rekstri blaðsins m.a. vegna harðnandi samkeppni í útgáfu lesefnis fyrir hestamenn þá ákvað ritnefndin að leggja til við stjórn L.H. að teknir yrðu upp samningar við Nýtt líf/Þráinn Bertelsson. Stjórnin samþykkti þá tillögu og fól ritnefnd að annast þennan samning sem skyldi gerður til þriggja ára.

Blaðið skyldi áfram vera málgað L.H. og Landssambandið og stjórn þess eiga þar aðgang með allt það efni sem því væri tengt svo og félög innan L.H. Þrír menn sem stjórn L.H. tilnefndi skyldu vera í samstarfsnefnd við Nýtt líf/Þráinn Bertelsson til að gæta hagsmuna LH. Þeir eru formaður LH Kári Arnórsson og auk hans Helgi Eggertsson og Sigríður Johnsen.

Skrifstofa Landssambandsins hefur gefið út Jóreykinn sem flutt hefur fréttir af starfi stjórnarinnar. Einnig voru gefnir út bæklingar um ferðalög og umgengni við landið. Auk þess sem hér hefur verið getið þá eru nú nær fullbúin til útgáfu tvö handrit af Áföngum. Það er svæðið frá Þjórsá austur að Kirkjubæjarklaustri og svæðið frá Hvítá í Borgarfirði vestur um Snæfellsnes og Dali.

Hefur stöðugt verið unnið að efnissöfnun, en enn vantar lítilsháttar á, til að hægt sé að hefja útgáfu á næstu bók, ÁFANGAR II.

Eftirtaldir aðilar hafam.a. skrifað og safnað leiðarlýsingum og eiga þeir miklar þakkir, fyrir sín miklu störf.

1. Albert Jóhannsson, kennari, Skógum, Rang.
2. Árni Guðmundsson, bóndi, Beigalda, Mýras.
3. Kristmundur Jóhannesson, bóndi, Giljalandi, Dalas.
4. Magnús Sigurðsson, bóndi, Gilsbakka, Mýrasýslu.
5. Ólafur Kristjánsson, verkstjóri, Ólafsvík.
6. Pálmi Hannesson, rektor + alþingismaður.
7. Skjöldur Stefánsson, útibústj. Búnaðarb. Búðardal.
8. Skúli Kristjánsson, bóndi, Svignaskarði, Mýras.
9. Vilhjálmur Eyjólfsson, bóndi Hnausum, V.-Skaftaf.
10. Þorsteinn Oddsson, Heiði, Rang.
11. Dr. Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli.

5. SAMNINGAR VIÐ FÉLAG TAMNINGAMANNA:

Fulltrúar F.T., L.H. og Félags Hrossabænda hittust á Selfossi 22. nóv. 1989 og gengu frá samningum um gjald fyrir tamningar og reiðkennslu. Samningar þessir voru

sendir öllum hestamannafélögum, en við látum þá fylgja með hér á eftir:

Samkomulag um gjald fyrir tamningar 1990

Eftirfarandi samkomulag milli Félags hrossabænda og Landssambands hestamannafélaga annars vegar og Félags tamningamanna hins vegar um viðmiðunargjald fyrir tamningar veturinn 1989-1990:

	I.	II.
Kaupgjaldsliður, sem er útseld		
vinna af tamningastöð	10.300	13.800
Fóðurkostnaður	4.500	4.500
Húsaleiga	3.700	3.700
kr.:	18.500	22.000

Lægri kaupgjaldstalan er miðuð við þá, sem minni reynslu hafa af tamningum, en sú hærri við reynda og viðurkennda tamningamenn.

Innifalið í kaupgjaldslið er tannröspun, járningar og lagfæring á járningu.

Í fóðurkostnaði er innifalið, hey, kjarnfóður, lýsi og bætiefni.

Gert er ráð fyrir að 10 hross séu í tamningu að hámarki.

Gjald þetta tekur aðeins til félaga í F.T.

Sé um tamningu á stóðhesti að ræða er heimilt að hækka gjaldið um 15%

Selfossi, 22. nóvember 1989

f.h. Félags hrossabænda

f. h. Félags tamningamanna

Sigurður Gunnarsson

Erling Sigurðsson

Kjartan Georgsson

Gunnar Arnarsson

F.h. Landssambands hestamannafélaga

Gunnar B. Gunnarsson

Kári Arnórsson

Ath. Samkomulag er um að vekja athygli viðkomandi aðila á tryggingamálum, sem geta snert tamningastarfsemina, hvort heldur reknar eru tamningastöðvar eða tamið í þjónustu annara.

**Samingur um laun reiðkennara innan Félags tamningamanna
annars vegar og Landssambands hestamannafélaga hins vegar**

Tekið er tillit til menntunar og starfsreynslu kennarans og settir upp tveir launaflokkar. Í því skyni lætur Félag tamningarmanna skrifstofu L.H. í té lista yfir nöfn reiðkennara ásamt réttindum og starfsaldri.

- A. 1. Reiðkennarar með B. reiðkennararéttindi. Kr. 3.200.- á mann
2. Reiðkennarar með B. reiðkennararéttindi. Kr. 3.900.- á mann og 3ja ára starfsreynslu.
3. Reiðkennarar með A. reiðkennararéttindi. Kr. 4.200.- á mann hafa heimild til að leggja 10% á gjald í lið nr. 2.
4. Sérstök námskeið fyrir unglinga 16 ára og yngri skulu vera 80% af gjaldi í lið 1. = kr. 2.600.- lið 2. = kr. 3.100.- á mann.
- B. Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi á námskeið sé 12 manns.
- C. Námskeið standi minnst 10 kennslustundir (50 mín.) og byggist bæði á bóklegu og verklegu námi. Námskeiðsgjald greiðist fyrirfram.
- D. Gjald fyrir ungling miðast við að þeir séu á sérstöku unglinganámskeiði, en séu þeir í flokki með fullorðnum, þá greiði þeir sama gjald og fullorðnir.
- E. Sé kennari ekki búsettur á svæðinu, sér viðkomandi félag um fæði og húsnæði hans á námskeiðstíma. Jafnframt greiðist ferðakostnaður til og frá námskeiðasvæði samkvæmt samkomulagi milli hestamannafélaga og kennara (og er heimilt að leggja hann á þátttökugjaldið).
- F. Samkomulag þetta gildir eingöngu milli reiðkennara F.T. og L.H., og er gildistími þess frá undirskrift. Óheimilt er að aðrir noti texta þessa en samkomulagið tilgreinir og gildir það ekki fyrir leiðbeinendur byrjenda sem staðist hafa námskeið L.H. Samkomulag þetta gildir ekki fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga og bæjar- eða sveitarfélaga.

Selfoss 22. nóvember 1989.

F.h. reiðkennara í F. T.

F.h. Landssamb. hestamannafél.

Erling Sigurðsson

Gunnar B. Gunnarsson

Gunnar Arnarsson

Kári Arnórsson

P.S. Samingsaðilar vekja á því athygli, að tryggingamálum sé gaumur gefinn. Þar er t.d. um að ræða slysaftryggingu á

þátttakendum og hrossum svo og ábyrgðartryggingu, er varðar slys á utanaðkomandi aðilum (3ja aðila) og telst á ábyrgð námskeiðsins.

Námskeiðshaldarar geta t.d. verið: hestamannafélög, æskulýðsráð bæja- og sveitafélaga svo og reiðkennarar sjálfir. Reiðkennurum er bent á að hafa þessi mál á hreinu gagnvart sjálfum sér.

6. MÓTADAGAR FÉLAGANNA:

Eins og undanfarin ár vann skrifstofa L.H. ásamt formanni mótanefndar Sigfúsi Guðmundssyni V. Geldingarholti úr umsóknum félaganna og raðaði síðan mótanefnd þeim niður.

Í haust var öllum hestamannafélögum sent bréf með umsóknareyðublaði fyrir beiðni um mótadaga. Óskað er eftir að beiðnum verði komið til skrifstofu L.H. ekki síðar en 20. nóv. Stefnt verður að því að mótaskrá verði tilbúin fyrir áramót.

7. REIÐVEGAFÉ:

Gengið var frá úthlutun reiðvegafjár fyrir árið 1990 á fundi reiðveganefndar í Miðfirði þann 31. maí s.l. Til ráðstöfunar kr: 4.800.000.- Reiðveganefnd skipa eftirtaldir aðilar: Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum, Sigurður Hallmarsson, Húsavík, Eggert Pálsson, Bjargshól, Miðfirði. Reiðvegafé 1990 er úthlutað til hinna einstöku hestamannafélaga sem hér segir:

Grani	Húsavík	kr.	100.000.-
Þjálfí	S.-Þing.	"	100.000.-
Funi, Hringur)			
Léttir	Eyjafirði	"	1.600.000.-
Hestamannaf.			
á höfuðborgarsv.)		"	213.000.-
Óðinn	A.-Hún.	"	100.000.-
Svaði	Hofsós	"	200.000.-
Stígandi	Skagaf.	"	500.000.-
Léttfeti	Sauðárkróki	"	900.000.-
Neisti	Blönduós	"	200.000.-
Þytur	V.-Hún.	"	200.000.-
Jón L. Tryggvas.	V.Fellsendafl.	"	127.000.-
Glæsir	Siglufirði	"	100.000.-
Snæfaxi	Þistilf.	"	100.000.-
Hending	Ísafjörður	"	200.000.-
Gnýfari	Ólafsfjörður	"	80.000.-
Snarfari	Skagatrönd	"	80.000.-

Samtals kr. 4.800.000.-

=====

Úthlutun fór að mestum hluta á norðanvert landið vegna landsmótsins á Vindheimamelum.

8. ÁNINGARHÓLF LH:

Skógarhólar, áningahólf og þjónusta á fjallvegum.

Í Skógarhólum voru gistinætur hrossa um 2.400 og er það töluverð aukning frá 1989 en þá gistu þar um 1.600 hross. Borið var á landið og vinna lögð í að lagfæra girðingar, mála skúra og bera fúavarnarefni á húsið. Aðstaðan í Skógarhólum er sæmilega góð og í sumar tókst að koma upp ágætri hestarétt við hlið beitarhólfanna. Vonandi er, að næsta vor, verði hægt að hefja lagfæringar á gömlu réttinni og stefna að því að gera hana fallega. Staðarhaldari í Skógarhólum var Sigurður Þorsteinsson, kennari í Kópavogi og var hann ánægður með dvöl sína þar og umgengni þeirra sem staðinn gistu.

L.H. sá um samantekt og útgáfu á bæklingi með landakorti og merktum gististöðum á leiðunum frá Skógarhólum um Kaldadal Arnarvatnsheiði og norður í Skagafjörð og hinsvegar frá Skógarhólum norður Kjöl í Skagafjörð. Þar er getið um forráðamenn gististaða og talin upp þau atriði sem hver staður hefur uppá að bjóða og mestu máli skipta. Víða var hægt að fá hey keypt og notfærðu sér það flestir sem þessar leiðir fóru s.l. sumar. Er ekki vafi á að heysalan á hálendinu hefur gert mikið til að hlífa þar viðkvæmum gróðri.

9. ÁNINGARHÓLFASJÓÐUR:

Nokkrar umsóknir hafa borist á þessu ári um styrk úr áningahólfasjóði. Ljúfur í Hveragerði er að koma upp hólfi við Hveragerði, Sleipnir, Árn. er búin að setja upp hólf við Þjósárbrú, Stígandi í Skagafirði fær styrk fyrir hólfi í Austurdal við reiðleiðir yfir Tröllaskaga og Grani og Þjálfí fá saman styrk við gerð hólfs á Hvammsheiði í Aðaldal. Veittar eru kr. 50.000.- í hvert hólf upp í efniskostnað.

10. REIÐHÖLLIN - REIÐSKÓLINN:

Í janúar á þessu ári var stofnað fyrirtækið REIÐSKÓLINN hf. Hlutverk þess skyldi vera að reka reiðskóla og skylda starfsemi í REIÐHÖLLINNI. Þeir sem stóðu að þessari stofnun voru: Landssamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda, Hestaíþróttasamband Íslands, Félag tamningamanna og hestamannafélögin á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Kosin var stjórn fyrir Reiðskólann og hana skipa Kári Arnórsson form. Halldór Gunnarsson ritari, Örn Kjærnested gjaldkeri, Pétur J. Hákonarson og Viðar Halldórsson meðstjórnendur. Hafist var handa um að leigja Reiðhöllina til fjögurra mánaða þ.e. frá 1. febrúar til 31. maí. Samningar náðust við Stofnlánadeild og Framleiðnisjóð og voru þeir hagstæðir fyrir rekstur hússins. Samið var við PJ-verktaka að sjá um rekstur Reiðskólans og jafnframt um rekstur hússins að öðru leyti.

Pétur J. Hákonarson veitti þeim rekstri forstöðu. Aðsókn að skólanum var góð og voru kenndar þar um 12 þúsund kennslustundir. Nemendur frá grunn- og framhaldsskólum urðu á þriðja hundrað. Félag hrossabænda lagði skólanum til hesta sem jafnframt voru söluhross. Styrkur fékkst frá ríkissjóði til reksturs skólans að upphæð kr. 1.500.000 og auk þess styrkti L.H. skólann með kr. 1.000.000 sem var hluti af starfsstyrk ríkisins til L.H. Í sem skemmstu máli er óhætt að fullyrða að reksturinn hafi gengið vel, bæði kennsla og sýningahald. Hann stóð vel undir sér með framangreindum styrkjum.

Um húsið sjálf og eignarhald á því er það að segja að komið var á samstarfsnefnd með fulltrúum frá landbúnaðar- og menntamálaráðuneyti og skyldi hún gera tillögur um eignarhald og rekstur á Reiðhöllinni. Þetta var gert og sendi nefndin frá sér tillögu um stofnun eignarhaldsfélags. Að því félagi stæðu L.H., F.H., H.Í.S. og REIÐSKÓLINN hf. Jafnir hlutir kæmu í hvern stað og farið yrði fram á að ríkissjóður tæki að sér greiðslur: fyrir L.H. (landbúnaðarráðuneytið), fyrir REIÐSKÓLANN hf (menntamálaráðuneytið), borgarsjóður Reykjavíkur fyrir HÍS og Framleiðnisjóður fyrir FH. Hver aðili um sig skyldi svo standa undir þremur milljónum króna. Það skal tekið fram að hér er fyrst og fremst um það að ræða að semja um yfirtöku lána.

Jafnframt var send rekstraráætlun miðað við heils árs rekstur.

Þessi gögn voru send viðkomandi ráðuneytum í lok apríl á þessu ári. Málið hefur tvívegis komið til umræðu í ríkisstjórn og fengið þar fremur jákvæðar undirtektir. Því var vísað til fjármálaráðuneytis til frekari skoðunar og liggur þar enn. Í því niðurskurðaræði sem þar er nú er vandséð hvernig þessu máli reiðir af. Hugsanlegt er að leita á ný eftir leigu á Reiðhöllinni. Eigendur hafa hins vegar áhuga á að selja þessa eign. Aðstaða REIÐSKÓLANS er því öll í óvissu.

11. SAMSTARF UM LANDNÝTINGU OG FERÐALÖG:

Á þessu ári hefur verið náið og gott samstarf Landssambandsins og Landgræðslu ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabænda, Náttúruverndarráð og Íshesta um beitarmál og skipulag ferðamála. Tvær nefndir voru starfandi í þessum málum. Önnur fjallaði einkum um beitarmál almennt, þ.e. bæði hjá stóðbændum og þéttbýlisbúum. Þarna þarf að hafa alla gát og hestamenn að vera með í því hvernig þessi mál skipast til frambúðar. Mjög mikilvægt er að þessir aðilar eigi um þetta gott samstarf og það bætir stöðu hestamennskunnar í samfélaginu um leið og leitast er við að gæta hagsmuna hrossaeigenda. Hin nefndin fjallaði einkum um ferðalög og aðstöðu fyrir þá sem ferðast á hestum. Þar var fjallað um þá nauðsyn að fóður væri til staðar á þeim svæðum sem hrossum yrði ekki beitt. Gefnar voru út leiðbeiningar um þau svæði þar sem sjáanlega yrði mest umferð í sumar. Það var leiðin um Kjalveg og Arnarvatnsheiði.

Upprekstrarfélög og sveitastjórnir hafa annast þjónustu á þessum leiðum og að því ber að stefna að það geti orðið sem víðast.

Stjórn L.H. færir þeim aðilum sem við höfum átt samstarf um þessi efni bestu þakkir. Stjórnin lítur svo á að hér sé verkefni sem Landssambandinu beri að sinna og sýni þannig í verki að við viljum stuðla að því að umferð okkar um landið og not okkar af landinu geti verið með þeim hætti að ekki valdi spjöllum.

Rétt er einnig að minna á það hér að þeir mánuðir sem hross eru í minnstri brúkun þ.e. haustmánuðirnir eru mestu beitarmánuðirnir. Þá þarf að gæta þess að ofgera hvorki landi né hrossum.

12. LANDSMÓTIÐ:

Landsmót Landssambands hestamannafélaganna í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands fór fram á Vindheimamelum í Skagafirði dagana 3. til 8. júlí. Að landsmótshaldinu stóð L.H., hestamannafélögin á Norðurlandi, fyrir utan eyfirsku félögin. Framkvæmdanefnd mótsins var skipuð fulltrúum af þessum svæðum en fulltrúi stjórnar L.H. var Skúli Ö. Kristjónsson varaformaður L.H. Formaður framkvæmdanefndar var Sveinn Guðmundsson á Sauðárkróki. Starfsstjórn mótsins skipuðu síðan auk formanns þeir Páll Dagbjartsson, Sigurður Ingimarsson, Gísli Halldórsson og Friðrik Guðmundsson. Það kom í hlut þessa starfshóps að bera höfuð ábyrgð á framkvæmdum. Miklar framkvæmdir áttu sér stað á Vindheimamelum, bæði í vallargerð, skógrækt og húsagerð auk þess sem rafmagn var leitt inn á svæðið.

Mótið var hið fjölsóttasta sem verið hefur hingað til. Það fór vel fram þó töf yrði á dagskrá síðasta daginn. Mikið úrval kom fram á þessu móti bæði af gæðingum og kynbótahrossum. Í sambandi við mótið var haldið sýnishorn af Evrópumóti og tókst hið besta. Mikill fjöldi erlendra gesta sótti þetta mót og enginn atburður annar á Íslandi dregur til sín jafn marga útlendinga.

Þetta landsmót var afmælistmót þar sem 40 ár voru liðin frá því fyrst var haldið landsmót, en það var sem kunnugt er á Þingvöllum 1950. Af þessu tilefni heiðraði forseti Íslands frú Vigdís Finnbogadóttir hestamenn með því að heimsækja mótið og taka þátt í hópreið félaganna. Það var vissulega virðuleg athöfn og eru hestamenn forsetanum mjög þakklátir fyrir komuna. Til minningar um þennan atburð þá var vígður skógarreitur sem hlaut nafnið HÓFTUNGA. Þar plantaði forsetinn trjáplöntum að viðstöddum unglingum sem voru fulltrúar hestamannafélaganna. Með í för voru einnig menntamálaráðherra og landbúnaðarráðherra auk stjórnar L.H. og framkvæmdanefndar. Við þetta tækifæri afhjúpaði Vigdís stuðlabergsdrang sem sunnlensku hestamannafélögin höfðu gefið í tilefni afmælistmótsins með tilheyrandi áletrun. Ég hygg að landsmótið 1990 hafi verið til sóma fyrir íslenska hestamenn. Auðvitað er eitt og annað sem okkur finnst við geta gert betur. Það má þá ekki gleymast að það

er feiknamikið verk að standa fyrir svo viðamiklu móti. Ég færi öllum þeim sem þar lögðu hönd á plóg þakkir og ekki síst starfsstjórninni fyrir gífurlega mikið starf. Mótahald í næstu framtíð verður annað aðalmál þessa þings sem nú er hafið og í mótanefnd koma þessi mál til frekari umfjöllunar.

13. HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS:

Sýning stóðhesta á Stóðhestastöð ríkisins, Gunnarsholti var haldinn 5. maí. Þessi sýning á sívaxandi vinsældum að fagna og voru mjög margir áhorfendur, þrátt fyrir slæmt veður. Í Gunnarsholti er nú verið að byggja mjög stórt og vandað hesthús fyrir stóðhestana sem þar verða tamdir og batnar aðstaðan þar mikið, við þessa framkvæmd.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið 17.-19. ágúst í Borgarnesi og voru keppendur fjölmargir.

Nokkrar sýningar voru haldnar í Reiðhöllinni þ.á.m. Hestadagar og voru þær vel sóttar.

14. FERÐANEFND:

Í ferðanefnd eiga eftirtaldir sæti: Ólafur B. Schram, formaður, Þór Guðmundsson og Bjarni Hólm Frímannsson. Nefndin hefur starfað mikið að heimildarsöfnun um reiðleiðir og safnað svipuðum upplýsingum um þær, og fram komu í bókinni Reiðleiðir á Íslandi, kort nr. 5. mið-Ísland og nr. 2. mið-Vesturland. Unnið hefur verið að leiðarlýsingu á kortum nr. 4 mið-Norðurland, nr. 6. mið-Suðurland og nr. 7. mið-Austurland. Útgáfan er háð prentun Landmælinga ríkisins á almennum kortum, en af ýmsum ástæðum gáfu Landmælingar ekki þessi kort út í ár.

Þá er nefndin að vinna að leiðréttingum á fyrri kortum nr. 5 og 2 og er líklegt að þær verði frágengnar fyrir vorið.

15. FRÁ GÆÐINGA- OG UNGLINGANEFND:

Á fundi stjórnar L.H. þann 26. mars 1990 var gengið frá tilnefningu í nefndina, sem skipar nú sjö manns í stað fimm áður, auk tveggja varamanna.

Nýjir aðalmenn eru þau Olil Amble og Guðlaugur Antonsson, sem var varamaður áður, og Rúna Einarsdóttir varamaður sem sat alla fundi nefndarinnar.

Mikill liðsauki var að þessu ágæta fólki. Fyrsti fundur var haldinn 18. apríl '90.

Aðalmál fundarins var Landsdómaranámskeið.

Þar sem ljóst var, að aðeins 24 virkir landsdómarar voru til að sinna dómsstörfum var óhjákvæmilegt að halda námskeið. Landsdómaranámskeið var ákveðið 10. maí í Félagsheimili Fáks í Víðidal.

15 héraðsdómarar sóttu námskeiðið og stóðust 13 prófið. Ákveðið var að fá til liðs við nefndina virta reiðkennara og dómara. Leitað var til þriggja valinkunnra heiðursmanna sem allir brugðust vel við og gengu til verks með greinilega reynslu og þekkingu, en þessir menn eru: Trausti Þór Guðmundsson, formaður F.T., og reiðkennari, Eyjólfur Ísólfsson, reiðkennari og Friðþjófur Þorkelsson, landsdómari. Þessum mönnum þökkum við sérstaklega ómetanlega aðstoð.

Nefndin hafði einnig til umfjöllunar úrslitakeppni í A og B flokki gæðinga. Þau mistök gerðust einhverra hluta vegna þegar lögin voru prentuð og gefin út af L.H. að orðalag breyttist í úrslitakeppni í B flokki og ein málsgrein féll niður. Þessi mistök hafa nú verið leiðrétt. Á 40. ársþingi L.H. haldið á Hótel Örk í Hveragerði var gerð samþykkt um breytingar á úrslitakeppni í A og B fl. og vísað til gæðinga og unglinganefndar. Þeim breytingum hafnar nefndin alfarið. Nefndin hefur haft þessar breytingar til prófunar, og telur þær óraunhæfar og ekki viðunandi form.

Nefndin leggur nú fyrir Landsþing L.H. tillögu um úrslitakeppni í A og B fl. gæðinga þar sem stuðst er mjög verulega við samþykktina frá 1987.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu í gæðinga og unglinganefnd fyrir góða samvinnu en þau eru:

Gunnar Arnarson, Rósmarie Þorleifsdóttir, Guðlaugur Antonsson, Olil Amble, Sigrún Sigurðardóttir og Þórður Axelsson. Varamenn eru: Jóhann Friðgeirsson, Rúna Einarsdóttir.

Kær kveðja,
Jóhann Þorsteinsson.

16. FRÁ DÓMARAFÉLAGI L.H.:

Á árinu hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir. Þann 17. des. 89 var haldinn deildarstjórafundur á Hótel Sögu. Aðal efni þess fundar var kaup og ferðakostnaður dómara, ákveðið var að óska eftir viðræðum við stjórn L.H. um það mál. Þann 20 janúar 1990 var samningafundur haldinn að Hótel Sögu tveir menn frá L.H. þeir Gunnar B. Gunnarsson og Ingimar Ingimarsson og stjórn Dómarafélagsins. Samningar gengu greiðlega og var gengið frá formlegum samningi um kaup og ferðakostnað. Samningur þessi er dagsettur 26. janúar 1990 og var hann sendur öllum hestamannafélögum og deildarstjórum dómarafélagsins.

Á deildarstjórafundinum var rætt um inngöngu Eyfirsku félagana í L.H. og með hvaða hætti dómarar ættu að koma inn í okkar raðir. Ákveðið var að halda æfingamót í Eyjafirði og var það haldið 27. apríl 1990 á Akureyri. Allir dómarar sem áður störfuðu voru boðnir en aðeins tveir mættu.

Á Landsmótinu í sumar á Vindheimamelum störfuðu fjórar sex manna dómnefndir auk vara manna. Nokkurt vandamál var að vísu með dóma á föstudeginum vegna þess að

dómarar voru með keppnishross í hinum ýmsu greinum. Dómum þarf að vera lokið fyrir sýningadaga. Stjórn dómarafélagsins þakkar þessu fólki fyrir samstarfið einnig hestafólki almennt fyrir ágæta samvinnu svo og stjórn L.H. fyrir góð samskipti. Í stjórn dómarafélagsins eru:
Jóhann Þorsteinsson, formaður
Sigurður Guðmundsson, ritari
Jóhann Þ. Friðgeirsson, gjaldkeri.

Kær kveðja
Jóhann Þorsteinsson

17. FRÁ HROSSARÆKTARNEFND:

Árið 1990 tók Hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands til starfa og er hún skipuð af Búnaðarþingi. Þar með var sýningarnefnd lögð niður, en hún hafði starfað um árabil og í henni áttu 2 fulltrúar L.H. sæti. Ljóst var þegar á síðasta ári að ný búfjárræktarlög gerðu ekki ráð fyrir að fulltrúar L.H. ættu sæti í nefndinni, en það náðist þó fram með þeim hætti, að nefndarmönnum var fjölgað úr fimm í sjö og voru tveir fulltrúar L.H. kosnir í nefndina í framhaldi af því, Skúli Kristjónsson og Guðmundur Jónsson.

Nokkrar breytingar voru gerðar á tilhögun dóma og ber þar hæst háttur á röðun til verðlauna á sýndum stóðhestum með afkvæmum. Þar var nú stuðst við kynbótaspá í fyrsta skipti og var spá viðkomandi hesta látin ráða röð þeirra til verðlauna, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til þátttöku sem sett voru.

Mikil umræða og deilur hafa verið um framkvæmd hrossadóma, einkum vegna þess að byggingardómar voru taldir harðari en menn áttu að venjast. Voru nokkur fundarhöld í nefndinni vegna þessa, og skiptar skoðanir meðal nefndarmanna um þessi mál.

Ljóst er, að farið verður yfir þessi mál og hlýtur að verða að hafa í huga ýmis atriði og vandamál sem uppi hafa verið og leysa þau eftir því sem tók eru á. Það verður að leggja áherslu á að samilegur friður sé um framkvæmd dóma og um það hljóta flestir að vera sammála.

18. FRÁ FRÆÐSLUNEFND:

Fræðslunefnd er sammála um að endurskipulagning fræðslumála þurfi að komast á. Í ljós hefur komið að útgáfa bæklinga nær ekki tilsettum árangri. Möguleikar á kennslumyndbandaútgáfu hafa verið kannaðir lítilsháttar og hefur sú athugun leitt í ljós að kvikmyndagerð og útgáfa er mjög dýr og ekki viðráðanleg. Hvað er þá til ráða til eflingar fræðslumála? Nokkrar

hugmyndir voru reifaðar og var niðurstaðan sú að taka ætti stefnu á 3 þætti.

1. Koma í framkvæmd hugmynd Alberts Jóhannssonar um útgáfu handbókar hestamannsins. Eftir því sem þessi hugmynd var skoðuð kom betur og betur í ljós þörfin fyrir svona uppsláttarrit. Þar mætti m.a. bjóða uppá skrá yfir:
Ferðapjónustubæi, dýralækna, tæmningamenn, hestaflutninga, heysölu, hestasölubæi ofl.
2. Að halda góðri samvinnu við Hestinn okkar og koma þar á framfæri því sem til fellur af góðu fræðsluefni.
3. Þriðju hugmyndina gerðum við að tillögu til Ársþings, hún er svohljóðandi:

Tillaga til Ársþings L.H. 1990

Fræðslunefnd leggur til að settur verði á stofn sjóður til styrktar gerð fræðsluefnis um hestamennsku. Styrkir veitist til einstaklinga og félagasamtaka sem hug hafa á gerð slíks efnis.

Greinargerð:

Fræðslunefnd álítur að styrkveiting sé hvetjandi fyrir gerð fræðsluefnis og á þennan hátt megi auka framboð á því. Skilyrði til styrkja er að fræðslunefnd samþykki efnisval og efnistöð hverju sinni.

Hugmyndir að stofnfé:

1. Ágóði af sölu kvikmynda + bæklinga L.H.
2. Að hluti af ágóða lands og fjórðungsmóta renni í þennan sjóð.

Ljóst er að útgáfustarfsemi í hvaða formi sem er þarfnast fjármagns, og á þennan hátt teljum við að hægt sé að sjá til þess að það fjármagn sé til taks, til eflingar allri gerð fræðsluefnis.

Einni tillögu frá síðasta þingi var vísað til fræðslunefndar. Tillagan fjallaði um að kaupa tölvuforrit fyrir íþrótt- og gæðingadóma. Ekkert varð af þessum kaupum þar sem ætlað fé til fræðslumála var ekkert. Listi yfir þá aðila sem hafa þessi gögn til sölu eða leigu væri sjálfsagt kærkomin í handbók hestamannsins.

19. FRÁ ÆSKULÝÐSFULLTRÚA:

Ég byrjaði æskulýðsstarfið þetta árið með því að heimsækja Vesturland að beiðni formanns hestamannafélagsins Snæfellinga. Ég fór fyrst í Stykkishólm og hélt þar fund seinni part dags þann 16. mars. Þessi fundur var fámennur en unglingafulltrúi á staðnum ætlaði að taka til starfa fljótlega eftir fundinn. Laugardaginn 17. mars var ég í

Grundarfirði með fund. Þar mættu hvorki fleiri né færri en 40 börn og unglingar og er unglingastarf þar til mikillar fyrirmyndar. Í mars hélt ég þrjá fundi í þremur skólum, í Laugagerðisskóla í Eyjahreppi, í Grunnskólanum í Búðardal og í Laugaskóla í Dölum. Allir þessir fundir voru mjög vel sóttir og áhugi virtist mikill.

Í apríl lagði ég svo aftur land undir fót og fór þá suður á bóginn. Ég sat fund hjá unglingum í hestamannafélaginu Mána í Keflavík þann 5. apríl. Unglingafulltrúar þar eru tvær ötular konur og eftir fundinn voru þær búnar að ákveða sameiginlegan útreiðatúr með krökkunum og einn dag þar sem eingöngu unglingar myndu keppa og leika sér á hestum. Föstudaginn 6. apríl sat ég svo fund með unglingum og fulltrúum þeirra í hestamannafélaginu Dreyra á Akranesi. Þar voru galvaskir piltar í meirihluta og var áberandi mikill áhugi hjá þessum unglingum fyrir keppni og var ákveðið að halda einn keppnisdag fyrir þau.

Miðvikudaginn 2. maí sat ég fund í Varmahlíð með unglingum og fulltrúa þeirra hjá hestamannafélaginu Stígana í Skagafirði.

Á öllum þessum fundum sýndi ég vídeómyndir sem teknar voru af unglingum hjá hestamannafélaginu Létti á Akureyri 1989. Önnur var af Æskulýðsdegi þar sem brugðið var upp bæði gamni og alvöru, en hin var frá sýningaratriði unglinganna í Reiðhöllinni. Þetta sýndi mér hversu mikilvægt það er að hafa myndefni til að leggja betri áherslu á það sem verið er að gera.

3. maí sat ég fund með unglingaráði Léttis á Akureyri. Þau höfðu ákveðið að halda æskulýðsmót á Melgerðismelum dagana 20.-22. júlí. Þau sendu bréf til formanna allra hestamannafélaga í Eyjafirði og S.-Þingeyjarsýslu og óskuðu eftir þátttöku á mótið en undirtektir voru engar. Mér þykir þetta vægast sagt mjög lélegt og er ég viss um að næg þátttaka hefði fengist ef fullorðna fólkið hefði viljað sinna þessu. Þetta er fyrsta æskulýðsmótið sem varð að aflýsa vegna lélegrar þátttöku og vonandi það síðasta.

Í júní var ég með námskeið hjá hestamannafélaginu Kóp á Kirkjubæjarklaustri og einnig hjá hestamannafélaginu Snarfara á Skagatrönd. Bæði þessi námskeið voru mjög vel sótt, þótt veður væri leiðinlegt.

Dagana 25.-29. júlí héldu hestamannafélagið Blær á Norðfirði og Eskifirði og hestamannafélagið Freyfaxi á Héraði veglegt æskulýðsmót á Iðavöllum. Þátttaka var góð, 30 ungmenni. Mótið var í alla staði mjög skemmtilegt, dagskráin fjölbreytt og maturinn góður.

Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að öll vinna við æskulýðsmót er sjálfboðavinna. Unglingar þurfa aðeins að greiða fyrir útlagðan kostnað eins og t.d. mat. Á mótinu á Iðavöllum voru krakkarnir í fullu fæði í 5 daga og þurftu aðeins að greiða kr. 4.500.- inn á mótið.

Nokkrar bréfaskriftir voru milli mín og æskulýðsfulltrúa FEIF á s.l. vetri. Ekki varð þó af utanlandsferð með unglinga þetta árið, þar sem hér var Landsmót og svo æskulýðsmót á sama tíma og æskulýðsmótið í Sviss.

Ég hef nú drepíð á því helsta sem gerst hefur í unglingastarfinu á mínum vegum á þessu ári. Ég vil taka það fram að það eru mörg hestamannafélög með mjög öflugt unglingastarf þó þeirra sé ekki getið hér. Ég læt þá þessum pistli lokið að sinni.

Með bestu félagskveðju,
Kolbrún Kristjánsdóttir

20. STARFSEMI F.E.I.F. 1990:

Stjórn F.E.I.F. hefur á árinu 1990 haft nokkur mál til úrvinnslu sem varða félagslega uppbyggingu á málefnum samtakanna s.s. starfrækslu unglingabúða, ákvörðun um næsta Evrópumót, ræktunarnámskeið o.fl. Verður hér aðeins stiklað á helstu atriðum.

Að Hólum í Hjaltadal var haldið námskeið fyrir kynbótadómara innan F.E.I.F, þar sem íslenskir ráðunautar og sérfræðingar lögðu sitt að mörkum til að samræma vinnubrögð um íslenska dómskalann og upplýsa og kenna dóma. Tókst námskeiðið mjög vel og verður framhald á þar sem áhugi er geysilegur á þessu og hrein nauðsyn á aukinni fræðslu í þessum efnum. Sendir stjórnin bestu þakkir til aðstandenda námskeiðsins, skólastjóra Hólaskóla og þeirra aðila er lögðu sitt af mörkum til undirbúnings.

Stjórn samtakanna hélt fund í Frakklandi í apríl sl. til að meta m.a. aðstæður og undirbúning vegna næsta HM. Í stuttu máli má segja að nánast enginn undirbúningur að hálfu Frakka hafi verið unninn og þar með ákvað stjórnin að falla frá umboði Frakklands og afhenda Svíum umboðið. Nú hefur dagsetning borist frá Svíum þar sem þeir munu halda næsta HM í Janköping dagana 12.-18. ágúst 1991.

Ársfundur F.E.I.F var haldinn á Hólum 9. júlí og þar mættu flestir fulltrúar landanna. Engar stórvægilegar ákvarðanir voru teknar, en umræða var um sportmál, ræktunar- og kynningarmál. Kosinn var nýr íþróttafulltrúi Tone Kolnes frá Noregi í stað Stefans Langvad frá Danmörku sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Þá kom einnig fram að sæti ræktunarfulltrúa er laust til umsóknar og óskað er eftir tilnefningu í það sæti.

Stjórnarfundir hafa verið 4 á starfsárinu og haldnir allir erlendis nema einn, á Íslandi í tengslum við ársfundinn og landsmótið. Ísland á tvo fulltrúa í stjórn þ.e. Sigurð Ragnarsson varaforseta og Þorgeir Guðlaugsson

blaðafulltrúa. Höfum við sótt alla stjórnarfundina. Aðrir í stjórn F.E.I.F. síðasta starfsár auk ofanritaðra eru: Marit Jónsson, Danmörku forseti, Dorothea Kaspar Austurríki ritari, Ueli Solka, Sviss, gjaldkeri, Hans-Björn Boudri, Hollandi, ræktunarfulltrúi, Eva Maria Gerlach, Þýskalandi, unglíngafulltrúi og Tone Kolnes, Noregi, íþróttafulltrúi.

Útgáfumál eru stöðugt til umræðu og hefur Þorgeir nú gefið út Fréttablað F.E.I.F. ársfjórðungslega. Hefur það blað mælst vel fyrir og er sent til höfuðstöðva allra landssambanda og til einstaklinga ef þeir óska.

Plakatútgáfa mun halda áfram s.s. hestalitir og alþjóðleg samheiti yfir orð í hestamennsku, auk ítarlegrar kynningar um íslenska hestinn erlendis.

Vídeóspólur af Evrópumótinu munu verða til sölu og dreifingu á vegum F.E.I.F., auk ýmissra bókmennta á erlendum málum um hestinn.

Unglingabúðir voru haldnar í Sviss í ágúst en minni þátttaka varð en búist var við. Kemur þar marga til m.a. langt ferðalag og dýrt, þátttaka foreldra kostnaðarsöm o.m.fl. Ekki verður þó gefist upp heldur leitað að styrktaraðilum til að fjármagna þann kostnað sem upp á vantar og hafa m.a. fyrirtæki á Íslandi lagt málinu lið. Næstu unglingabúðir verða e.t.v. haldnar í Svíþjóð eftir 2 ár, en þær eru haldnar annað hvert ár.

Þátttaka Íslands í F.E.I.F. er alltaf háð kostnaði og möguleikar okkar fulltrúa til að sækja þing, fundi, ráðstefnur, námskeið o.fl. erlendis er háð stuðningi og framlögum héðan að heiman. Stjórn L.H. hefur sýnt mikinn skilning á samstarfi við F.E.I.F. og stutt ferðalög stjórnarmanns og fulltrúa æskulýðsmála þegar nauðsyn ber til. Íþróttadómarar og fulltrúar íþróttamála hafa getað notið stuðnings frá L.H. auk þess sem skrifstofa L.H. hefur aðstoðað við undirbúning ýmissra mála.

Næsta ár mun undirritaður ganga úr stjórn F.E.I.F. og rétt að það komi fram að æskilegt er að Ísland eigi annan fulltrúa áfram í stjórn og rétt að L.H. hafi þegar í huga hver komi til greina í stað undirritaðs sem ekki mun gefa kost á sér áfram.

Fyrir hönd Evrópusamtaka eigenda íslenskra hesta, F.E.I.F.

Sigurður Ragnarsson, varaforseti.

17
 REKSTRARREIKNINGUR
 01.01. TIL 31.12.1989

 LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Tekjur:

	Skýr.	1989	1988
		-----	-----
Árgjöld Sambandsfélaga.....(3)		3.854.825,00-	2.749.950,00-
Styrkur úr ríkissjóði.....(1)		0,00	100.000,00-
Landsmót 1986.....		0,00	1.200,00-
Útgáfa blaðsins "Hestar".....(4)		382.204,00-	0,00
Útgáfa smárita og filmuleiga.....(5)		151.432,90-	99.100,00-
Rekstur Skógarhóla.....(6)		504.313,50	71.895,00-
Vaxtatekjur.....		98.334,99-	133.118,18-
Aðrar tekjur.....		14.000,00-	0,00
		-----	-----
Tekjur alls.....		3.996.483,39-	3.155.263,18-
		-----	-----

Gjöld:

Laun og launakostnaður á skrifst.....(7)	1.268.258,20	1.052.125,00
Annar skrifstofukostnaður.....(8)	975.098,00	624.504,45
Þinghald og fundir.....(9)	368.418,40	228.712,00
Akstur og ferðakostnaður.....(10)	234.889,00	116.883,00
Námskeiðahald o.þh.....	34.558,00	91.926,00
Áningarhólf Hveravöllum.....	24.564,00	34.228,00
Æskulýðsstarf.....(11)	474.882,10	344.053,30
Annar kostnaður.....(12)	442.891,50	85.348,20
Vaxtagjöld og verðbætur.....	70.912,82	137.540,00
Afskriftir áhalda og innr.....	10.800,00	13.267,00
	-----	-----
Gjöld alls.....	3.905.272,02	2.728.586,95
Hagnaður af rekstri.....	91.211,37-	426.676,23-
	-----	-----

Óráðstafað eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári.....	4.168.733,31-	3.709.657,08-
Rekstrarárangur skv.ofanskráðu.....	91.211,37-	426.676,23-
Matsbreyting húss Skógarhólum.....	183.039,04	28.000,00-
Fyrning húsa í f.mati.....	73.288,00-	0,00
Leiðréttingar v/fyrri ára.....	0,00	4.400,00-
Hlutfé í Reiðhöllinni tapað.....	2.870.000,00	0,00
	-----	-----
Yfirfært til næsta árs.....	1.280.193,64-	4.168.733,31-
	=====	=====

EFNAHAGSREIKNINGUR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

EIGNIR:

Veltufjármunir:

	Skýr.	1989	1988
Sjóður og bankainnistæður.....(13)		429.980,39	246.954,51
Fyrirframgr.kostn & viðsk.kröfur.....(14)		272.080,10	20.569,26
Birgðir(smárit,lög,reglug.,myndb.....(1)		200.000,00	200.000,00
Veltufjármunir alls.....		902.060,49	467.523,77

Fastafjármunir:

Hlutfé í Reiðhöllinni hf.....		0,00	2.870.000,00
Kvikmyndir (gamlar).....		128.040,00	128.040,00
Skrifstofuáhöld og innréttingar.....(15)		15.213,00	26.013,00
Girðing Hvítárnesi.....		2.200,00	2.200,00
Skógarhólar,hús(fasteignagm).....(1)		1.346.000,00	166.000,00
Skógarhólar (endurbætur - afskr).....(16)		0,00	1.363.039,04
Fastafjármunir alls.....		1.491.453,00	4.555.292,04

EIGNIR SAMTALS.....	2.393.513,49	5.022.815,81
---------------------	--------------	--------------

=====	=====
-------	-------

19
31.DESEMBER 1989

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir:

Skýr.	1989	1988
Ógr.kostn. og viðskiptaskuldir.....(17)	940.228,85-	424.339,50-
Ofgreidd árgjöld.....	38.153,00-	0,00
Reiknuð opinber gjöld (v/launa).....	34.033,00-	30.920,00-
Skammtímaskuldir alls.....	1.012.414,85-	455.259,50-

Áningasjóður:

Óráðstafaður beitaraskattur.....(2)	100.905,00-	398.823,00-
Skuldir og áningarsjóður alls...	1.113.319,85-	854.082,50-

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé.....	1.280.193,64-	4.168.733,31-
Eigið fé alls.....	1.280.193,64-	4.168.733,31-

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS..... 2.393.513,49- 5.022.815,81-


Reykjavík, 15. október 1990


Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1989. Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri L.H. árið 1989 og efnahag þess 31.12.1989. Rétt er að benda á að hlutafjáreign L.H. í Reiðhöllinni h.f. kr. 2.870.000.- er afskrifað í uppgjöri þessu. Við mælum með að ársreikningur L.H. 1989 verði samþykktur.

Reykjavík, 15. október 1990


Gísli B. Björnsson


Þorvaldur Þorvaldsson

Skýringar með ársreikningi 1989
LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

1) Reikningsskilaaðferðir:

* Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1989 er að mestu saminn eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús og gistiaðstaða á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati kr.1.346.000.-, en það var endurmetið á árinu.

Fasteignamatsverð landsins er ekki eignfært, en matsverð þess er kr. 2.677.000. Mótfærsla matsbreytinga hússins er færð á óráðstafað fé, sem er eini tilfærði eiginfjárreikningur Landsambandsins.

Brunabótamat hússins 1/1. 1990 var kr. 5.351.000.-, og vörslumannsskúrsins kr. 141.000.

* Óendurmetið kostnaðarverð endurbóta L.H. á Skógarhólum og vörslumannsskúr var í árslok 1988 kr. 1.465.767.-, og afskriftir námu á sama tíma kr. 102.728. Afskrift þessara eigna á árinu 1989 er 5% eða kr. 73.288.- og er hún færð til gjalda á rekstur Skógarhóla, en mótfærslan á eigið fé, þar sem húsið er eignfært á fasteignamati.

Skrifstofuáhöld og innréttingar eru afskrifaðar um 10% á ári.

* Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.

* Birgðamat bóka, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr. 200.000.-, sem er lægra en reiknað söluverð þeirra.

* L.H. fékk styrk úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 1.500.000.-. Styrkur þessi rann allur til Reiðhallarinnar h.f.

2) Óráðstafaður beitaraskattur.

Beitaraskattur var innheimtur árin 1983, 1984 og 1985. Skattur þessi, sem ráðstafa má í ákveðnum tilgangi sbr. ákvörðun ársþings 1982, hefur safnast upp sem hér greinir:

Innkominn beitaraskattur 1983-1985.....	Kr.	840.581
Vextir ársins 1983-1988.....	"	419.809
Vextir ársins 1989.....	"	36.750
	Kr.	1.297.140

Frá dregst:

Ráðstöfun 1983-1988.....	Kr.	861.567	
" 1989.....	"	334.668	kr. 1.196.235
Óráðstafað 31. 12. 1989	Kr.	100.905	
			=====

3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 6.155 sem greitt var af til sambandsins og hefur fækkað um 197 frá fyrra ári.

Fullt gjald er gr. fyrir 5.706 félagsmenn og unglingagjald fyrir 449.

Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi kr. 3.854.825 sjá meðfylgjandi skrá á bls. 10-11.

Árgjöld samkv. uppgjöri til L.H. 1989

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

	<u>Félagsmenn</u>		<u>Árgjöld</u>	
	Fullorðnir	Unglingar		
Andvari.....	117	6	Kr.	78.000
Blakkur.....	48	0	"	31.200
Blær.....	48	6	"	33.150
Dreyri.....	111	21	"	78.975
Faxi.....	169	21	"	116.350
Fákur.....	964	105	"	660.725
Feykir.....	55	0	"	35.750
Freyfaxi.....	169	7	"	112.125
Geisli.....	38	5	"	26.325
Geysir.....	299	11	"	197.925
Glaður.....	114	1	"	74.425
Glófaxi.....	33	2	"	22.100
Glæsir.....	44	7	"	30.875
Gnýfari.....	30	5	"	21.125
Goði.....	26	0	"	17.225
Grani.....	59	7	"	40.625
Gustur.....	298	1	"	194.025
Háfeti.....	55	18	"	41.600
Hending.....	48	7	"	33.475
Hornfirðingur.....	90	0	"	58.500
Hörður.....	297	13	"	197.275
Kinnskær.....	36	5	"	25.025
Kópur.....	85	13	"	59.475
Léttfeti.....	124	0	"	80.600
Ljúfur.....	69	13	"	49.075
Logi.....	96	3	"	63.375
Máni.....	147	22	"	102.700
Neisti.....	71	2	"	46.800
Óðinn.....	49	1	"	32.175
Seyður.....	11	0	"	7.150
Sindri.....	128	7	"	85.475
Sleipnir.....	249	4	"	163.150

Árgjöld skv. uppgjöri til L.H.1989

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

	<u>Félagsmenn.</u>		<u>Árgjöld.</u>	
	Fullorðnir	Unglingar		
Smári.....	248	4	Kr.	162.500
Snarfari.....	27	2	"	18.200
Snæfaxi.....	53	4	"	35.750
Snæfellingur.....	199	14	"	133.900
Stígandi.....	175	0	"	113.750
Stormur.....	83	16	"	59.150
Svaði.....	76	18	"	55.250
Sörli.....	256	42	"	180.050
Trausti.....	138	9	"	92.625
Þjálfí.....	108	12	"	74.100
Þytur.....	88	15	"	62.075
F.T.....	78	0	"	50.700
	5.706	449	Kr.	3.854.825
=====				

(Fullt árgjald fyrir hvern félagsmann 1989 var kr.650 og unglingagjald var kr. 325)

23
 HESTURINN OKKAR
 REKSTRARREIKNINGUR
 01.01. TIL 31.12.1989

Rekstrartekjur:

	Skýr.	1989	1988
Áskriftir og lausasala.....(2)		2.913.801,00-	3.068.122,60-
Auglýsingar.....		485.196,00-	502.500,00-
Vaxtatekjur af bankareikningum.....		85.528,86-	171.951,02-
		-----	-----
Rekstrartekjur alls.....		3.484.525,86-	3.742.573,62-

Rekstrargjöld:

Kostnaðarverð seldra blaða.....(3)		2.404.853,00	1.669.595,00
Laun og launat.gjöld.....(4)		1.507.643,00	1.121.603,00
Annar rekstrarkostnaður.....(5)		848.718,50	538.169,00
Kostnaður v/útg.bókar(Sögu L.H.).....		0,00	97.713,10
Afskriftir.....		32.971,00	32.971,00
Vaxtagjöld.....		99.897,00	6.135,35
		-----	-----
Rekstrargjöld alls.....		4.894.082,50	3.466.186,45

Gjöld umfram tekjur.....

1.409.556,64 276.387,17-

Óráðstafað eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári.....	1.384.393,82-	1.108.006,65-
Rekstrarárangur skv.ofanskráðu.....	1.409.556,64	276.387,17-
	-----	-----

Yfirfært til næsta árs.....

25.162,82 1.384.393,82-

EFNAHAGSREIKNINGUR

HESTURINN OKKAR

EIGNIR:

Veltufjármunir:

	Skýr.	1989	1988
Bankareikningar.....(6)		630.250,48	574.212,28
Útistandandi áskriftir.....		120.000,00	210.000,00
Útistandandi augl.tekjur.....(7)		379.500,00	451.626,00
Fyrirframgreiddur kostnaður.....		53.402,00	44.771,00
Birgðir bóka.....		56.000,00	350.000,00
		-----	-----
Veltufjármunir alls.....		1.239.152,48	1.630.609,28
		-----	-----

Fastafjármunir:

Skrifst.áh. og innréttingar.....(8)		106.358,00	139.329,00
		-----	-----
Fastafjármunir alls.....		106.358,00	139.329,00
		-----	-----

EIGNIR SAMTALS.....		1.345.510,48	1.769.938,28
		=====	=====

31. DESEMBER 1989

HESTURINN OKKAR

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir

	Skýr.	1989	1988
Yfirdráttur á tékkareikningi.....		0,00	237.717,46-
Ógreiddur kostnaður.....(9)		497.814,10-	70.285,00-
Samþ.víxlar.....		750.000,00-	0,00
Ógr.Lífeyrissj.o.fl.v/starfsm.....		0,00	4.025,00-
Launaskattur.....		46.804,00-	34.446,00-
Staðgreiðsluskattur v/stm.....		12.540,20-	12.244,00-
Opinber gjöld f.fyrri ári.....		24.625,00-	0,00
Reikn.opinber gjöld ársins.....		38.890,00-	26.827,00-
Skammtímaskuldir alls.....		1.370.673,30-	385.544,46-
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé.....		25.162,82	1.384.393,82-
Eigið fé alls.....		25.162,82	1.384.393,82-
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS.....		1.345.510,48-	1.769.938,28-
		=====	=====

Reykjavík, 15.október 1990



Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framan-
skráðan ársreikning Hestsins Okkar fyrir árið 1989.

Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstendur af rekstrarreikningi
ársins 1989, efnahagsreikningi pr.31.12.1989, skýringum og sundurliðunum
nr.1-9, gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1989 og stöðu þess í árslok.
Okkur þykir þó rétt að benda á, að áður eignfærðar auglýsingakröfur að
fjárhæð kr. 236.000.- eru nú afskrifaðar, og þar vegur þyngst krafa á
Reiðhöllina h.f. að fjárhæð kr.140.000.

Við mælum með að ársreikningur Hestsins Okkar fyrir árið 1989 verði samþykktur.

Reykjavík, 15. október 1990


Gísli B. Björnsson


Þorvaldur Þorvaldsson

Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi 1989.

HESTURINN OKKAR

- 1) Ársreikningur Hestsins okkar fyrir árið 1989 er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Í íslenskum reikningsskilum er venja að sýna áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir félaga. Í uppgjörum Hestsins Okkar á liðnum árum hefur ekki verið leitast við að sýna þessi áhrif, svo er ekki heldur gert nú. Rétt þykir þó, að gefa hugmynd um hvernig verðbreytingarfærsla þessi yrði, ef reiknuð væri.

Miðað við stöðu peningalegra eigna og skulda í upphafi reikningsársins, og meðaltalshækkun byggingavísitaölu milli áranna 1988 og 1989, myndi gjaldfærsla af þessum sökum nema Kr. 276.902 til frádráttar vaxtatekjum Mótfærsla þessarar færslu færðist á eigið fé.

Skrifstofuáhöld blaðsins eru ekki endurmetin en afskrifuð um 15%.

Nú sem fyrr er ekki lagt mat á verðmæti óseldra blaða og því eru engar blaðabirgðir færðar til eignar.

Á árinu 1988 var lokið við útgáfu afmælisritsins "Í morgunljómann". Færslur v/þessarar útgáfu hafa verið eftirfarandi:

Kostnaður v/útgáfunnar 1988	Kr. 834.774
Vextir " "	" 78.000
Útgáfukostnaður alls.....	Kr. 912.774
Gjaldfærður útgáfukostnaður 1988..	" (97.713)
	Kr. 815.061

Frá dregst:

Sala á bókinni 1988	Kr.465.061	
" " " 1989	" 304.000	" 769.061

Eignfærðar bókabirgðir 31/12.1989	Kr. 46.000
-----------------------------------	------------

=====

Gamlir auglýsingareikningar að fjárhæð kr. 236.000.- eru afskrifaðir, þar af er krafa á Reiðhöllina h.f. kr.140.000.-.

Í ársbyrjun 1990 var gerður samningur við þráinn Bertelsson um útgáfu blaðsins. Samningur þessi er til 1992.

HÚSAVÍKURBÆR

*býður hestamenn og gesti þeirra
velkomna til Húsavíkur!*

DAGUR

DAGBLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI



Póstsendum hvert á land sem er

HESTAMAÐURINN

Sérverslun með hestavörur, Ármúla 38, sími 681146.



**Landsbanki
Íslands**
Banki allra landsmanna



**ÍSLENSKT
KJARNFÓÐUR**
FÓÐURLANDAN H/F
Korngarði 12
91-687766



**SAMVINNUBANKI
ÍSLANDS**

Öryggi og þjónusta!

Sambands Reiðhestablanda

FÓÐURSTÖÐ — KORNGARÐI

SÍMI 685616

Morgunblaðið

*Úrvals graskögglar
gera gæðinginn betri.*

GRASKÖGGLAR hf

FLATEY — S. 97-81036

HESTURINN OKKAR

HÓTEL HÚSAVÍK

GOTT HÓTEL

sem tekur á móti hestamönnum, sem og öllum öðrum.

Góð þjónusta! — Góður matur! — Góð herbergi.

